



Loftslagsstefna Framhaldsskólans á Laugum

*Framhaldsskólinn á Laugum einsetur sér að þróa menningu **sjálfbærrar þróunar**. Skólinn stuðlar að því að nemendur þroski getu til að skilgreina hlutlægt hvað er nauðsynlegt, hvernig eigin gerðir hafa áhrif og verði virkir talsmenn sjálfbærrar þróunar.*

Loftlagsstefna skólans er hluti af menntun til sjálfbærrar þróunar sem stuðlaðar að þekkingu, vitundar og aðgerða sem efla einstaklinga og umbreyta samfélaginu.

Menntun til sjálfbærrar þróunar er símenntunarferli og óaðskiljanlegur hluti af gæðamenntun sem eykur vitræna, félagslega og tilfinningalega og atferlisfræðilega vídd náms. Það er heildrænt og umbreytandi og nær yfir innihald náms, kennslufræði og umhverfið.

Markmið er að tryggja að einstaklingar geti skilið sjálfbærniáskoranir, skapa meðvitund um mikilvægi þeirra fyrir umhverfið og vilja til breytinga.

Jafnvægi milli hagvaxtar og sjálfbærrar þróunar er þörf og menntun til sjálfbærrar þróunar ætti að hvetja nemendur og starfsmenn að tileinka sér önnur gildi en þau sem eru einkenni neytlusamfélaga. Samtímis sem gagnrýnin hugsun og sjálfbær gildi verða sífellt meira áriðandi, getur verkefni menntunar til sjálfbærrar þróunar skapað andstöðu vegna þess að ríkandi er sú blekking að tækni geti leyst meirihluta sjálfbærnivandamála.

Það er unga fólkið og næstu kynslóðir sem takast á við afleiðingar ósjálfbærrar þróunar. Það er nútíð þeirra og framtíð sem er í húfi. Sömuleiðis er það ungt fólk sem verður sífellt virkara, krefst brýnna og afgerandi breytinga og dregur leiðtoga heimsins til ábyrgðar, einkum til að takast á við loftslagsvandann. Þetta unga fólk hefur iðulega skapandi og sniðugar lausnir á

sjálfbærniáskorunum. Ungt fólk er mikilvægur neytendahópur og hvernig neyslumynstur þeirra þróast mun hafa mikil áhrif á sjálfbærni feril heimsins. Að efla og virkja ungt fólk er því miðlægur hluti af innleiðingu menntunar til sjálfbærrar þróunar.

Loftslagsbreytingar eru mikil ógn við mannkynið og hafa áhrif á hvar fólk getur lifað og ræktað matvæli. Loftslagsbreytingar tengjast ójöfnuði og siðferði. Þróunarlönd bera minnstu ábyrgð á loftslagsbreytingum en þar verða áhrifin einna mest. Konur verða oftast en ekki fyrir meiri áhrifum heldur en karlar. Á sama tíma eru konur einnig virkari og árangursríkari í aðgerðum gegn loftslagsbreytingum.

Víðtækar, hnattrænar afleiðingar loftslagsbreytinga gera það ljóst að menntun til sjálfbærrar þróunar verður að innihalda markmið sem tengjast loftslagsaðgerðum. Skólar eru í miðlegu hlutverki til að hjálpa nemendum að skilja orsakir loftslagsbreytinga svo þeir geti tekið upplýstar ákvarðanir og gripið til viðeigandi aðgerða, og til að öðlast nauðsynleg viðhorf og færni að taka þátt í umskiptum yfir í sjálfbærari lífsstíl, græn hagkerfi og sjálfbær samfélög. Oft eru það kennarar og skólastjórar sem leiða verkefni í heild sinni innan sinna skóla. Hins vegar ef aðgerðir eiga að verða árangursríkar er brýnt að allir í skólasamfélaginu eigi hlutdeild.

Framhaldsskólinn á Laugum leggur áherslu á að bæði daglegt líf innan skólans, og rekstur hans, verði með vistvænum hætti. Þáttur í þessu markmiði skólans er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda en loftslagsbreytingar eru raunveruleg ógn sem mannkynið og komandi kynslóðir standa frammi fyrir. Framhaldsskólinn á Laugum telur mikilvægt að skólinn leggi sitt af mörkum til þess að sporna við þessari þróun og að markmiðum [COP26](#) sé náð.

Framhaldsskólinn á Laugum fylgir Grænum skrefum í ríkisrekstri og vinnur þar með markvisst að því draga úr umhverfisáhrifum stofnunarinnar og taka framförum á þessu sviði. Stór þáttur í því er að draga markvisst úr losun gróðurhúsalofttegunda í starfi stofnunarinnar (sjá [aðgerðaáætlun](#)). Mælikvarðar eru teknir úr grænu bókhaldi skólans. Kolefnisjöfnun losunar sem eftir stendur verður eitt af markmiðum sem skólinn setur sér. Skólinn einsetur sér að reyna að takmarka vistspor stofnunarinnar eins mikið og unnt er miðað við þá starfsemi sem fram fer í skólanum.

Loftslagsstefna Framhaldsskólans á Laugum nær til innkaupa, orkunotkunar, úrgangs sem fellur til við skólastarfið, heimavistar nemenda, samgangna starfsfólks (ferðir í og úr vinnu meðtaldar) og nemenda skólans í ferðum tengdu skólastarfi. Hún nær til allrar starfsemi sem

fer fram innan veggja skólans, bygginga og framkvæmda. Skólinn hvetur starfsfólk að nýta sér vistvæna og heilsusamlegan samgöngumáta. Samnýta ferðir starfsfólk eins mikið og hægt er (sjá [samgöngusamning](#)).

Loftslagsstefna skólans verður rýnd á hverju ári í þeim tilgangi að uppfæra markmið stefnunnar og tryggja að þau séu metnaðarfull og hægt sé að fylgja þeim eftir. Umhverfisfulltrúi skólans, í samstarfi við umhverfisnefnd, taka það verkefni að sér en í henni eru skólameistari, áfangastjóri, umhverfisfulltrúi, fjármálastjóri, fulltrúi kennara, fulltrúar nemenda, heimavistarstjóri, húsvörður og matreiðslumaður.

Árið 2022 byrjaði Framhaldsskólinn á Laugum að halda grænt bókhald. Öll stefnumótun, endurskoðun og eftirfylgni loftslagsstefnunnar verður gerð í samræmi við niðurstöður græna bókhaldsins í framtíðinni. Upplýsingum um árangur aðgerða verður miðlað á heimasíðu skólans þegar þær liggja fyrir.

Skólinn er hitaður upp með heitu vatni frá jarðvarmaveitu sem er í eigu skólans. Vatnið kemur upp með miklum þrýstingi þannig að ekki þarf að dæla vatninu um byggingar skólans. Kalt vatn kemur frá lind við skólann. Engin þörf er á að dæla vatninu, það fer sjálfrennandi í hús skólans. Rafmagn er keypt af HS veitum í tengslum við rammisamning ríkisins. Allt skólp skólans fer í rotþró. Íþróttahús skólans er tengt við sér rotþró. Sorpmál skólans eru í samræmi við fyrirkomulag [Þingeyjarsveitar](#). Úrgangur frá skólanum hefur minnkað á árinu 2021 um 25% frá árinu 2019 samkvæmt upplýsingum frá [Terra](#) umhverfisþjónustu (sjá [hér](#)).

Skólinn í tölum:

Lóð skólans er 9,4 hektarar að stærð (94.000 m²).

Skólinn er með aðstöðu í 9 byggingum alls 8.000 m².

Starfsmenn eru 35 og nemendur rúmlega 100.